

Nr. 22-003 S 003 Ljósafell SU 70***Skipverji rennur í lest og slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 1277
IMO; 7311965
Smíðaður: Narasaki shipyard Japan
Útgerð: Loðnuvinnsalan hf Fáskrúðsfirði
Stærð: 844,95 BT
Mesta lengd: 55.9 Skráð lengd: 51.53
Breidd: 9.5 Dýpt: 6.5
Vél: Niigata 1691 KW
Fjöldi skipverja: 15

**Gögn:**

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 30. maí 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Ljósafell var á veiðum þann 30.10.2021 Veður: NA 2 m/s sjólítið
Skipverji var í lest að færa útdraganlegt færiband (teleskóp) milli kara þegar hann steig í kar sem var með ískrapa í, rann til og skrapaðist á sköflungi og nærliggjandi svæði. Veiðiferðinni lauk þremur dögum síðar og var skipverjinn við vinnu það sem eftir var ferðarinnar. Á fjórða degi frá óhappi leitaði skipverjinn til læknis en þá var komin sýking í fótinn.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Skipverjinn var einn við verkið en færibaldið er talsvert þungt.
- Skipverjinn afþakkaði skoðun skipstjóra á áverkanum í tvígang og taldi þess ekki þörf.
- Um borð í skipinu er öryggisnefnd og öryggisstjórnunarkerfi.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

Sértök ábending:

Vegna tíðra slysa um borð í ísfisktogurum bendir nefndin á að ýmsar lausnir eru í boði til að koma í veg fyrir að menn renni í körum:

